



Alþingi
Erindi nr. Þ 133/24
komudagur 1.11.2006

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 30. október 2006

Tilvísun: 2006100176

50.03

Alþingi
Nefndasvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK


Frumvarp til laga um Ríkisútvarpið ohf., 56. mál, heildarlög

Vísað er til bréfs menntamálanefndar frá 20. þ.m. þar sem óskað er umsagnar ríkislögreglustjórans um ofangreint frumvarp.

Í athugasemdum við frumvarpið er gerð grein fyrir því að frumvarpið byggir á frumvarpi um Ríkisútvarpið hf., sem lagt var fram á 132. löggjafarþingi, en þó sé að finna nokkrar breytingar sem taka mið af tillögum meiri hluta menntamálanefndar í nefndarálitum við þingmeðferð þess.

Ríkislögreglustjórinn skilaði umsögn um fyrra frumvarpið sem lúta að skyldunni til að halda uppi nauðsynlegri öryggisþjónustu sbr. 11. tölulið 3. gr. frumvapsins. Þar sem þetta atriði er óbreytt í frumvarpinu nú, leyfir embættið sér að vísa til fyrri umsagnar frá 20. febrúar sl.

F.h. RLS


Steinar Adolffson, lögl. fulltr.

Hjálagt:
Umsögn ríkislögreglustjórans, dags. 20. febrúar 2006.



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 20. febrúar 2006

Tilvísun: 2006010271

50.03

Alþingi
Nefndasvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK


Frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf., 401. mál heildarlög

Við er til bréfs menntamálanefndar frá 27. janúar 2005, þar sem óskað er umsagnar ríkislögreglustjórans um ofangreint frumvarp.

Ríkislögreglustjórinn leggur áherslu á að kveðið sé skýrt á um skyldu hins nýja lögaðila til að halda uppi nauðsynlegri öryggisþjónustu líkt og gert er í 11. tl. 3. gr. frumvarpsins. Í greinargerð er því lýst að um nýmæli sé að ræða varðandi Ríkisútvarpið, en þetta hafi þó verið viðurkennt sem eitt meginhlutverk stofnunarinnar og felst í raun a.m.k. að hluta til í 13. gr. útvarpslaga nr. 53/2000. Í þessu sambandi veltir ríkislögreglustjórinn því upp hvort ekki sé nauðsynlegt að skýrt verði nánar í athugasemdum frumvarpsins hverjar skyldur Ríkisútvarpsins hf. samkvæmt þessum tölulið eru, enda kannski ekki með öllu ljóst hvað í felst í orðunum "nauðsynleg öryggisþjónusta".

Að öðru leyti hefur ríkislögreglustjórinn ekki forsendur til að gera athugasemdir við efni frumvarpsins.

F.h. RLS


Steinar Adolfssoy, lögl. fulltr.